

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Nauthólsvegur 100.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 23. mars 2018, breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna lóðarinnar nr. 100 við Nauthólsveg. Í breytingunni felst fjölgun bílstæða um 16 þar af 3 fyrir hreyfihamlaða ásamt tilfærslu á innkeyrslu á bílastæði við byggingu a6. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lyngháls 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 23. mars 2018, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 10 við Lyngháls. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall á lóðinni verði leiðrétt í samræmi við núverandi byggingar og verður 1,0 og að skilgreina byggingarreit utan um núverandi byggingar á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gamla höfnin – Vesturbugt.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 15. mars 2018, breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar svæði 5 og 6 fyrir einnar hæðar verslunar- og þjónustuhús (einingar) fyrir Faxaflóahafnir á Ægisgarði og við Hafnargötu ásamt uppbyggingu stærra þjónustuhúss við Ægisgarð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.174.0 Landsbankareitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. mars 2018, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landsbankareits, vegna lóðanna nr. 88A, 90 og 92A við Hverfisgötu og 67A við Laugaveg. Í breytingunni felst m.a. að sameina lóðirnar að Hverfisgötu 88A og 90, gera kjallara undir Hverfisgötu 88A, fella niður kvöð um flutning hússins að Hverfisgötu 92 og að þess í stað verði heimilt að fjarlægja húsið og byggja nýtt, rífa Laugaveg 67A og endurbyggja í sinni upprunalegu mynd. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 6. apríl 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2018